

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 22. janúar 2008 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Ægisbraut á Akranesi.

Breytingin felst meðal annars í að auka svigrúm fyrir fráveituhreinsistöð með stækkun lóðar númer 31 við Ægisbraut, með aukinni landfyllingu og stækkun byggingarreits. Aðrar minniháttar breytingar hafa verið gerðar á lóðunum við Ægisbraut 6, 21, 27 og 29.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 17. júlí 2008.*

**Guðný J. Ólafsdóttir,**  
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2008